

Lög

**um breytingu á lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi
á vinnustöðum, með síðari breytingum (vinnutími starfsmanna
sem veita notendastýrða persónulega aðstoð).**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á bráðabirgðaákvæði 9 í lögum:

- a. Í stað orðanna „samstarfsverkefnið ríkis, sveitarfélaga og heildarsamtaka fatlaðs fólks um notendastýrða persónulega aðstoð samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum“ í 1. mgr. kemur: 11. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- b. 2. mgr. orðast svo:
Ákvæði þetta gildir til 31. desember 2019 og tekur til samninga sem gerðir eru á tímabilinu frá 1. október 2018 til 31. desember 2019.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 13. desember 2018.